

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði  
nr. 107 30. maí 1974.

**1. gr.**

Við 1. tölulið 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður 1:  
1. Alvarleg blóðþrýstingshækkun 30. flokkur J. (Diazoxidum NFN).

**2. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar  
nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og öðlast þegar  
gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. apríl 1976.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón Ingimarsson.*

Nr. 125.

20. apríl 1976.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs hjónanna Sveins Guð-  
mundssonar, bónda frá Bjarnastaðahlíð og Þorbjargar Ólafsdóttur, útgefin á venju-  
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. apríl 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

Minningarsjóðs hjónanna Sveins Guðmundssonar, bónda, frá Bjarnastaðahlíð  
og Þorbjargar Ólafsdóttur.

**1. gr.**

Sjóðurinn er stofnaður af Guðrúnu Þ. Sveinsdóttur, kennara, til minningar um  
foreldra sína Svein Guðmundsson, bónda frá Bjarnastaðahlíð í Lýtingsstaðahreppi  
í Skagafjarðarsýslu, f. 29. febrúar 1836, d. 18. ágúst 1914 og konu hans Þorbjörgu  
Ólafsdóttur, f. 1. nóvember 1846, d. 15. apríl 1906.

**2. gr.**

Stofnframlag sjóðsins er kr. 1 000 000.00 — ein milljón króna 00/100 —. Það má  
aldrei skerða né heldur það fé, er sjóðnum kann að berast með gjöfum, áheitum  
og frjálsum framlögum.

Fé sjóðsins skal ávaxta í útibúi Búnaðarbanka Íslands, Sauðárkróki, og/eða í  
vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum.

**3. gr.**

Markmið sjóðsins er að styrkja ættmenni og niðja ofangreindra Bjarnastaða-  
hlíðarhjóna til háskólanáms.

Skal veita einum nemanda styrk úr sjóðnum 3ja hvert ár og verja til þess til-  
föllnum 3ja ára vaxtatekjum sjóðsins.

Falli styrkveiting niður skal úthlutunarfé lagt við höfuðstól.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum: Prófastinum í Skagafjarðarprófastdæmi, oddvita Lýtingsstaðahrepps og einum manni og öðrum til vara kjörnum af hreppsnefnd Lýtingsstaðahrepps eftir hverjar nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar, og skal leitast við að velja þá úr hópi niðja Bjarnastaðahlíðarhjóna.

Stjórnin skiptir með sér verkum, heldur fundargerðabók, er geymi skipulagsskrá sjóðsins og allt annað er honum við kemur.

## 5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum sveitar sjóðs Lýtingsstaðahrepps.

## 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

12. apríl 1976.

Nr. 126.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Afmælisgjafasjóð Elliheimilis Ísafjarðar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. apríl 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Afmælisgjafasjóð Elliheimilis Ísafjarðar.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Afmælisgjafasjóður Elliheimilis Ísafjarðar.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á aldarafmæli Ísafjarðarkaupstaðar 1966, og er stofnfé hans kr. 20 000 — tuttugu þúsund krónur —, sem við hjónin afhendum forseta bæjarstjórnar Ísafjarðar í sparissjóðsbók við Útvegsbanka Íslands á Ísafirði.

## 3. gr.

Sjóðinn skal geyma og ávaxta á sem hagkvæmasta hátt þar til að hann hefur vaxið svo að hann, að áliti stjórnarinnar, geti byrjað starfsemi sína með útliti fyrir að hún geti haldið áfram án þess að fé skorti.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja vistmenn Elliheimilis Ísafjarðar með gjöf á afmælisdegi þeirra hvers um sig.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð nefnd þeirri, sem á hverjum tíma stjórnar heimilinu fyrir hönd bæjarstjórnar og fái hún forstöðukonu heimilisins til aðstoðar við sig að velja gjafir með sér.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá þessa, svo og öfn gjafþega og upphæðir gjafa til þeirra hvers um sig.